



FFSÍ

**FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS**

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

*Alþingi
Erindi nr. P 132/1505
komudagur 31.3.2006*

**Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.**

Reykjavík 29. mars. 2006

Efni: Tillaga til þingsályktunar um fullvinnslu á fiski hérlendis 212. mál.

FFSÍ styður frumvarpið sem slíkt en telur að orsakanna sé að leita í því stjórnkerfi fiskveiða sem við lýði er. Aðskilnaður hvað varðar eignahald milli veiða og vinnslu myndi virka sem vítamínsprauta inn í greinina og leggja grunninn að því lýðræðislega samkeppnisumhverfi sem stór meirihluti þjóðarinnar vill sjá á sem flestum sviðum atvinnulífsins.

Virðingarfyllt,
F.h.Farmanna og Fiskimannasambands Íslands

Árni Bjarnason

Alþingi
Erindi nr. P 132/1384
komudagur 21.3.2006



F I S K I S T O F A


Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Hafnarfjörður, 20.03.2006

Fiskistofa vísar til bréfs sjávarútvegsnefndar, dags. 13. mars 2006, þar sem Fiskistofu er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um fullvinnslu á fiski hérlendis, 212. mál.

Fiskistofa gerir ekki athugasemdir við ofangreinda þingsályktunartillögu.

F.h. Fiskistofu


Arni Múli Jónasson



Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1S21
komudagur 4.4.2006

Reykjavík, 03.04.2006

Tilv. 90.13


JS/sv

**Málefni: Tillaga til þingsályktunar um fullvinnslu á fiski hérlendis, 132. löggj.þing
2005-2006, 212. mál**

Vísað er í erindi Sjávarútvegsnefndar Alþingis dags. 13. mars 2006 þar sem óskað er
umsagnar um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Hafrannsóknastofnunin hefur engar sérstakar athugasemdir fram að færa varðandi
ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000

Póstfax:

575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1451
komudagur. 23.3.2006

Reykjanesbæ 21.mars 2006

Til: Nefndarsviðs Alþingis.

Frá: Íslandsmarkaði

Tillaga til þingsályktunar um leiðir til að auka fullvinnslu á fiski hérlendis, mál 212

Umsögn:

Erum við mjög sammála því að sett verði í gang ítarleg könnun á útflutningi óunnins fisk á erlenda markaði.

Við erum ekki sammála því að settar verði hömlur á viðskiptin.

Koma þarf á því lagalega umhverfi að það að selja fisk á íslenskum fiskmarkaði verði aldrei síðri kostur, gagnvart vigtun og þ.a.l. kvóta, en sala á erlendum uppboðsmarkaði.

Greinargerð:

Íslenskir fiskmarkaðir bjóða allir upp á sama uppboðskerfinu FISKNETI.

Fisknet er aðgengilegt öllum þeim sem hafa aðgang að interneti og uppfylla lágmarkskröfur um tölvubúnað. Eina krafan sem gerð er til kaupanda er að hann hafi greiðslutryggingu svo sem kveðið er á í lögum um fiskmarkaði.

Íslandsmarkaður er með í smíðum nýtt sölukerfi FJÖLNET, í því er sérstaklega hugað að sölu á gámafiski og stærri förmum. Ef af verður verður það eins og Fisknet öllum aðgengilegt bæði hérlendis sem erlendis. Tekið skal fram að FJÖLNET er enn í hönnun og ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort það verði sett í gang, ræðst það m.a. af ytra umhverfi og áhuga viðskiptavina.

Íslenskir fiskmarkaðir hafa aldrei haft frammi þá kröfu að fiskur skuli þvingaður inn á íslenska fiskmarkaði. Er það okkar sýn að hafa markaðinn opinn og án allra kvaða.

Við höfum hins vegar marg oft bent á þá mismunum sem ríkir milli íslenskra fiskmarkaða og erlendra fiskmarkaða sem hafa heimild til selja fisk sem hefur ekki verið endanlega vigtaður hér á landi. Með því að jafna út þann mismun sem þar ríkir er ekki vafi á því að aðgengi íslenskra fiskkaupenda mundi aukast mjög.

Krafa okkar er að engin óunnin fiskur sé sendur úr landi óvigtaður. Ljúkum vigtun hér heima í samræmi við nýsetta reglugerð um vigtun sjávarafla. Með því sitja allir við sama borð bæði innlendir og erlendir kaupendur.

Önnur krafa sem við höfum marg sett fram er að söluupplýsingar, frá þeim erlendu fiskmörkuðum sem hafa í dag heimild til að bjóða upp óunnin ísl. fisk, liggi fyrir strax að loknu uppboði.

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1506
komudagur 31.3.2006



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis
v/sjávarútvegsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 28.3.2006.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um leiðir til að auka fullvinnslu á fiski
hérlandis. Þskj. 212 – 212. mál.

Mikilvægt er að sjávarútvegsfyrirtæki hafi fullt svigrúm til þess að selja fisk þar sem þau fá hæsta verðið hverju sinni. Það rekstrarumhverfi sem fyrirtæki í sjávarútvegi búa við gerir þá kröfu til þeirra að þau leiti ávallt hæsta verðs og gæti ýtrustu hagkvæmni í rekstrinum. Samtökin eru andvig því að fyrirtækjum í sjávarútvegi verði meinaður aðgangur að erlendum fiskmörkuðum, sem þau hafa nýtt með góðum árangri til þessa. Ekki verður séð að brýn þörf sé á því að verja af almannafé til sérstakrar könnunar á orsökum mikils útflutnings á fiski á markaði erlendis. Eins og fram kemur í yfirliti með þingsályktunartillögunni stafar aukinn útflutningur í gámum aðallega af mikilli aukningu í ýsuafla, sem veiðst hefur í vaxandi mæli á Íslandsmiðum. Til þess að tryggja hæsta verð fyrir þennan afla verða fyrirtækin því að nýta alla tiltæka markaði bæði hérlandis og erlendis.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Sveinn Hjörtur Hjartarson
Hagfræðingur.

Til sjávarútvegsnefndar Alþingis

28. mars 2006

Efni: Umsögn um 212. mál, þingskjal 212.
„Tillaga til þingsályktunar um leiðir til
að auka fullvinnslu á fiski hérlendis“.

Landssamband smábátæigenda (LS) tekur undir mikilvægi þess sem fram kemur í þingsályktuninni að Alþingi feli sjávarútvegsráðherra að kanna leiðir til að auka fullvinnslu á fiski hérlendis.

LS telur að slík vinna gæti varpað ljósi á margvíslega þætti í flóknu umhverfi á vinnslu og útflutningi sjávarfangs. Við greiningu þeirra þátta yrði unnt að leggja mat á hvort mögulegt væri að auka virðisauka í sjávarútvegi með aukinni fullvinnslu.

LS telur að með tilkomu fiskmarkaða hafi starfsumhverfi í viðskiptum með fisk orðið gegnsætt og án verulegra hafta.

Samkvæmt greinargerð má ætla að hægt sé að gera enn betur á þessu sviði þar sem staðhæft er að íslenskir fiskverkendur hafi ekki möguleika til að bjóða í fisk sem fluttur er óunninn á markað erlendis. Skoða þarf sérstaklega hvort þessi fullyrðing á við rök að styðjast og ef svo er, að aflétta þá tafarlaust slíkri viðskiptahindrun.

Auk þess sem hér hefur verið minnst á er í greinargerðinni fleiri atriði sem mæla með þingsályktuninni, t.d. hvort svokölluð „yfirvigt“ tókist á erlendum fiskmörkuðum.

Að lokum vill LS láta koma fram að það tekur ekki undir þá skoðun flutningsmanna þingsályktunarinnar að:

„Ótvírátt er að það þjónar hagsmunum Íslendinga að sem mest af þeim fiski sem veiddur er hér við land sé jafnframt unninn hér á landi.“

Aðstæður hljóta að ráða þar ferðinni, t.d. hver sé ósk markaðarins hverju sinni. Aukið magn til vinnslu er því ekki bein ávísun á hærri virðisauka þess sem tekið er úr auðlindinni.

LS tekur hins vegar undir lokaorð greinargerðarinnar að stjórnvöldum beri að tryggja laga- og reglugerðaumhverfi þannig að jafnræði og samkeppnisstaða íslenskra fiskverkenda sé trygg. Það er því full þörf á þeirri vinnu sem hér er beðið um.

Virðingarfyllt

f.h. Landsambands smábátæigenda



Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 132/1450
komudagur 23.3.2006

Samtök fiskvinnslu án útgerðar

Kt. 660494-2519, Hafnarbraut 27, 200 Kópavogi
Sími 5544680 fax 5546715 pósthfang : isfiskur@isfiskur.is

Til Sjávarútvegsnefndar Alþingis

Umsögn frá stjórn Samtaka fiskvinnslu án útgerðar: SFAÚ

Varðar tillögu til þingsályktunar um leiðir til þess að auka fullvinnslu á fiski hérlendis.

Stjórn SFAÚ styður heilshugar ofnagreinda þingsályktunartillögu, merkt sem 212. mál á 132. löggjafarþingi:

Eins og nú er ástatt þá njóta erlendir fiskkaupendur forgangs fram yfir íslensk fiskvinnslufyrirtæki, um kaup á því mikla magni af óunnum fiski sem flutt er út í gámum frá landinu.

Á sama tíma gera fiskkaupendur og fiskmarkaðir erlendis út kaupendur sem bjóða í fisk á mótí íslenskum fiskvinnslum á fiskmörkuðunum hér heima. Dæmi eru um að slíkir aðilar hafi fengið sérstaka styrki frá ESB gagngert til að opna bankaábyrgðir til þess að stunda þessi viðskipti hér.

SFAÚ hefur árum saman, en án árangurs, barist fyrir því sjálfsagða réttlætismáli að hafa tækifæri a.m.k. til jafns við erlend fyrirtæki til þess að kaupa óunninn fisk af Íslandsmiðum.

Þessi forgangur erlendra aðila hefur mjög skaðleg áhrif á hagsmuni íslenskrar fiskvinnslu:

- Skerðir verulega möguleika fiskvinnslunnar, til þess að halda uppi stöðugri vinnslu.
- Veikir markaðslega stöðu íslenskra fiskvinnslufyrirtækja. Þau hafa ekki eins sterka stöðu til þess að tryggja sínum viðskiptavinum stöðuga afhendingu og standa við pantanir. Þetta myndi gjörbreytast með því að allur fiskur yrði seldur hér heima og markaðsstaðan styrkjast að sama skapi.
- Hefur neikvæð áhrif á gæðaimynd íslensks fisks, þar sem gámafiskurinn er allt að því rúmlega vikugamall þegar honum er loks dreift í verslanir erlendis og því stuttur tími til stefnu, þar til hann byrjar að skemmast.
- Framangreind staða veldur því að erlendir aðilar þurfa oft að undirbjóða íslenska framleiðendur, sem senda glæný fiskflök með flugi út á markaðinn. Ekki þarf að fjölyrða um hve neikvæð áhrif það síðan hefur á neytendur þegar þeir verða fyrir þeirri reynslu að geta ekki treyst á gæðin, fá stundum góðan fisk og stundum lélegan eða skemmdan.
- Samanlögð áhrif af núverandi fyrirkomulagi, samkv. því sem að framan er talið, er skaði bæði fyrir íslensk fyrirtæki sem og þjóðabú sem nemur hundruð milljóna króna árlega.


Stjórn Samtaka fiskvinnslu án útgerðar æskir þess eindregið að fá að koma á fund háttvirtrar Sjávarútvegsnefndar til þess að skýra þessi mál betur, enda þekkir enginn betur til þeirra, heldur en forsvarsmenn þeirra fyrirtækja sem eru innan samtakanna..


Reykjavík 21. mars 2006.

Virðingafyllst

F.h. SFAÚ

Oskar Þór Karlsson formaður





SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi 132/1496
Erindi nr. P
komudagur 28.3.2006

Reykjavík 28. mars 2006.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullvinnslu á fiski hérlendis, 212. mál.

Sjómannasamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um leiðir til að auka fullvinnslu á fiski hér á landi. Er m.a. gert ráð fyrir því í tillögunni að sjávarútvegsráðherra kanni orsakir mikils útflutnings á ónumum fiski og leiðir til að draga úr honum og auka í staðinn fullvinnslu innan lands.

Sjómannasamband Íslands telur enga þörf á að fela ráðherra að kanna þetta mál. Allar upplýsingar um útflutning á ónumum fiski liggja fyrir hjá Fiskistofu.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1544
komudagur 6.4.2006




VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 5. apríl 2006

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullvinnslu á fiski hélendis.

Tillagan snýst um að Alþingi feli sjávarútvegsráðherra að kanna orsakir mikils útflutnings á óunnum fiski á fiskmarkaði erlendis og mögulegar leiðir til að draga úr honum og auka í staðinn fullvinnslu innan lands. Ráðherra birti Alþingi niðurstöður sínar og tillögur eins fljótt og unnt er. Vélstjórafélag Íslands tekur undir efnisatröi tillögunnar

Virðingarfyllst,
f.h. Vélstjórafélags Íslands,

Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. P 132/1479
komudagur 28.3.2006

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. mars 2006.

Efni: Til. til þingsál. um leiðir til að auka fullv. á fiski hérlendis (212. máí)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar sem ætlað er að fela sjávarútvegsráðherra að kanna orsakir útflutnings á óunnum fiski á fiskmarkaði erlendis og mögulegar leiðir til að draga úr honum og auka í staðinn fullvinnslu innanlands.

Viðskiptaráð sér enga þörf á því að ríkið hafi afskipti af því á hvaða vinnslustigi afli er fluttur úr landi. Það er mikilvægur þáttur í frjálsum markaði að menn ráði hverjum þeir selja vöru sína og á hvaða vinnslustigi. Hálaunastörfum hefur fjölgað á undanförunum árum og atvinnuleysi er með minnsta móti. Þetta hefur valdið því að sí erfiðara er að fá gott fólk til starfa í láglauastörf og er því tilhneiging í þá veru að þau störf færast úr landi. Viðskiptaráð lítur ekki á ofangreinda þróun sem vandamál.

Ef fiskvinnslan lítur hinsvegar á þetta sem vandamál er ekkert því til fyrirstöðu að hún kanni hvað veldur þessari þróun og hvað hægt sé að gera til að auka fiskvinnslu í landinu. Það er eðlilegt að þeir sem hagsmuna hafa að gæta, þ.e. fiskvinnslufyrirtæki og samtök þeirra, standi fyrir slíkri könnun og fjármagni hana í stað skattgreiðenda.

Viðskiptaráð leggur því til að tillagan nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,


Davíð Þorláksson